

15/1 1958

Skógarvörðurinn á Norðurlandi,

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1957.

Ísleifur Sumarliðason.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1957.

I. I n n g a n g u r.

1. Veðurfar.

Snjólaust var að mestu frá áramótum fram í febrúar byrjun. Þá tók að snjóa og hlánaði ekki fyrr en í lok marz.

Úrkoma í júní, júlí og fram í miðjan ágúst var svo lítil að slíks munu fá dæmi.

Frostnætur komu í júní og ágúst, án þess þó að gera teljandi tjón á trjágróðri.

Mikinn snjó setti niður eftir 18. október og lág vinna niðri um mánaðartíma. Aftur tók að snjóa 19. desember og hélzt sá snjór fram yfir áramót.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Allaufgaður var birkiskógurinn 2. júní. Skógurinn byrjaði að sölna 5. september, lauf tók að falla 15. sama mánuðar en lauflaus var hann ekki fyrr en viku af október. Er það óvenju seint.

Fræfall var mjög lítið og var því ekki safnað neinu birki-fræi að þessu sinni. Kónglar voru á lerkinu á Dalarnúsum en tæpast er að fræið hafi náð þroska. Samt var safnað dálitlu til reynslu.

Vöxtur skógar var vel í meðallagi. Birkimaðks varð lítið vart.

Ekki má ljúka svo þessum kafla að ekki sé getið um hina miklu plágu sem furubarrlúsín er hér á skógarfurunni. Er sárt til þess að vita að fallegustu skógarfururnar á Blómsturvöllum og í Góðulág skúli vera að drepast af þessum kvilla. Er ekki glæsilegt að halda áfram gróðursetningu á skógarfuru, ef ekki er mögulegt að útrýma furubarrlúsinni.

3. Starfsmenn og verkafólk.

Fastráðið starfsfólk 15. maí - 15. sept. var fimm stúlkur auk ráðskonu. Karlar voru þrír auk verkstjórans Sigurðar Stefánssonar. Lausráðið starfsfólk var eftir því sem með þurfti. Fæðis-kostnaður karla varð kr. 30.54 og kvenna 22.54 á dag.

Loks má geta þess að gheidd vinnulaun á árinu voru kr. 264.972.27 og af þeirri upphæð fór til Snjóskdæla kr. 193.517.58

II. Girðingafræmkvæmdir.

1. Viðhald.

Viðhaldskostnaður girðinga varð þessi:

Vaglagirðing.....	kr.	6.058.53
Lunds- og Þórðarstaðagirðing.....	-	9.993.94
Sigríðarstaðagirðing.....	-	2.744.80
Mela- og Stórhöfðagirðing.....	-	3.130.75
Græðireitsgirðing.....	-	693.85
Fosselsgirðing.....	-	851.87
Sandhaugagirðing.....	-	<u>6.300.16</u>
		<u>Kr. 29.763.20</u>

Vaglagirðing: Girðingin færð að norðan á garðim, sem ýtt var upp á s. l. ári. Steypt vandað hlið hjá Mörk.

Lunds- og Þórðarstaðagirðing: Steypt var hlið á girðinguna að sunnan. Á fjallinu var girðingin færð á tveim stöðum, við Búðargilsbrún á 400 m. kafla og á Háafellsröð á 500 m. kafla. Hafði girðingin farið þar mjög illa á hverjum vetri. Millistaurana, sem allir eru úr birki, þyrfti nauðsynlega að endurnýja á næsta vori. Efni: 80 járnstaurar, 50 birkistaurar og 8 rl. gaddavír, (1/2 rl.).

Sigríðarstaðagirðing: Girðingin var girt upp að norðan á 700 m. kafla. Var skift net, en það gamla var orðið ónothæft. Efni: 7 rl vírnet, 15 járnstaurar og 4 rl. gaddavír (1/2 rl.).

Mela- og Stórhöfðagirðing: Efni: 50 birkistaurar, 25 járnst., og 25 millistaurar.

Nauðsynlegt er að láta ekki dragast lengur að girða upp á fjall eins og ráðgert hefir verið og fá þannig Mela- Stórhöfða- og Skuggabjargaskóga innan einnar girðingar. Viðhald Mela- og Stórhöfðagirðingarinnar er erfitt og fer viðhald nú að aukast. Er því annað hvort að gera næsta vor, að girða upp á fjall eða leggja í kostnað við að hækka undir gömlu girðinguna og girða hana upp.

Fosselsgirðing: Efni: 1 rl. gaddavír (1/2 rl.). Girðingin þarf mjög endurnýjunar við. Strax á næsta sumri þyrfti að hækka undir girðinguna sérstaklega á þrem stöðum að norðan og girða þann gafl alveg upp.

Sandhaugagirðing: Efni: 95 birkistaurar, 20 járnstaurar og 45 millistaurar. Umsjónarlaun Sigurðar Eiríkssonar kr. 2.000.00, taldar með í viðhaldskostnaði.

2. Nýjar girðingar.

Girt var girðing um græðireitinn við Kumblaflöt. Er hún 730 m. á lengd. Eftir er að setja gaddavírsstreng ogan nets og millistaura. Steypt var hlið á girðinguna að austan, en að norðan var nokkast við gamla símastaurar, þar sem búast má við að gróðrarstöðin verði stökkuð til norðurs. Efni: 35 járnstaurar, 45 birki-staurar, 7 1/2 rl. vírnet. Kostnaður við uppsetningu og hlið varð kr. 3.506.63.

III. Skógarhögg.

Á árinu var höggvið:

	Eldiv.	Efniv.	Arinv.	Staurar	Renglur	Viðarm.
	kg.	m3.	kg.	stk.	stk.	Hestb.
Vaglaskógur	78.290	2.000	9.070	1053	230	960
Þórðarst.skógur	9.700			255	210	118
Sigríðarst.sk.	5.000			50		53
	<u>92.990</u>	<u>2.000</u>	<u>9.070</u>	<u>1358</u>	<u>440</u>	<u>1131</u>

Alls voru söguð 46 tonn viðar. Þar af fyrir Brúarlund og Furuvelli 6 tonn, 32 tonn voru seld sem reykvíður og rúm 9 tonn fóru til Reykjavíkur sem arinnviður.

Mest var höggvið 18. okt. - 14. des, en lítilsháttar s. l. vor og sumar.

Í Vaglaskógi voru grisjaðir reitirnir nr. 209, 501, 502, 503, 504, neðri hlutar reitanna nr. 205 og 207 og efri hluti nr. 204.

Í Þórðarstaðaskógi var aðallega grisjað frá Fremsa-snjóflóðsgili að Stóruskriðu.

Í sambandi við skógarhögg og þá aðallega sögun á eldiviði, ber að nefna Ferguson dráttarvélina og viðarsög, sem við hana er tengd. Eru tæki þessi þin þörfustu og gera sögun á viði mun auðveldari en verið hefir. Nákvæm athugun á afköstum liggur ekki fyrir, en auðvelt mun að saga tonn viðar á 50 - 60 mínútum.

Viðarbirgðir í árslok voru áætlaðar 45 tonn eldiviðar, 600 staurar og 200 millistaurar (renglur.).

Kostnaður við skógarhögg varð kr. 51.342.29. Er þá reiknuð öll vinna og flutningar. Tekjur urðu hinsvegar 50.525.25. Er þó ekki reiknaður eldiviður fyrir Brúarlund og Furuvelli, né heldur staurar til viðhalds girðinga. Þá munu talsverðar viðarbirgðir í Fossvogi t. d. mestur hluti arinnviðarins sem sagaður var á árinu.

IV. Græðireitur.

1. Fjárfesting í græðireitnum.

Á árinu voru keypt þessi tæki:

Ferguson-dráttarvél með benzínhreyfli,
Ámoksturtaki, Horndraulic, við Ferguson,
Ýtublað, tengt á arma Horndraulic, 2 m. br.
Tætari, Agrotiller, vinnslubr. 1.25 m, fyrir Ferguson,
Plöntuupptakari fyrir Ferguson.

Auk þessa voru keypt minni tæki og áhöld t. d. götuhreinsari. Er skemmt frá því að segja að öll þessi tæki eru hreinasta afbragð og létta þau störfin við gróðrarstöðina að miklum mun.

Vatnsveitan: Lögð var 750 m. lögg leiðsla að vatnsþró, 3/4" sver. Frá þrónni var lögð 704 m. löng leiðsla 2" sver. Öll er leiðslan galvaniseruð og liggur ofan jarðar. Uppsetningu var að mestu lokið 7. júní.

Kostnaður við uppsetningu vatnsveitunnar varð kr. 7.206.23. Annar kostnaður, svo sem leiðslur, kranar, slöngur og akstur á efni varð kr. 42.081.10.

Vökvunarkerfið sjálft kostaði kr. 14.556.85. Fóru þessar framkvæmdir nokkuð fram úr áætlun.

Eflaust hefir vatnsveitan bjargað miklu af plöntum í hinum gífurlegu þurkum s. l. sumar og þannig greitt verulega upp í kostnaðinn.

Vermigluggar: Keyptir voru til viðbótar 75 m² af gluggum. Gluggagrindurnar kostuðu kr. 4.200.00. Gler var keypt fyrir kr. 3.306.40.

Þess má einnig geta að strigi var keyptur fyrir kr. 4.025.30.

Nýrækt og áburður. Í haust var lokið við að vinna nýju reitina við Kumblaflöt og á Blómsturvöllum. Var ekið í þá 115 tonnum af sandi, eða 2 tonnum á 100 m². Af mómold var ekið 57 tonnum eða um tonni á 100 m². Af húsdýraáburði var ekið 64 tonnum eða tæpu 1.2 tonnum á 100 m².

Voru reitir þessir síðan tættir tvisvar með Ferguson-tætaranum. Í Furuvallreit nr. II, en í hann verður sáð næsta vor, var ekið: Sandur 14 tonn, mómold 12 tonn og húsdýraáburður 12 tonn.

Auk þessa var ekið 15 tonnum af mómold og verður þeim dreift í reitina á Blómsturvöllum næsta vor.

Allur sá akstur, sem að ofan er getið kostaði kr. 7.475.00 auk vinnu verkstjórans, en hann ók bílnum, sem notaður var. Sandinum og mómoldinni mokaði hann á bílinn með Ferguson-dráttarvélinn, einnig nokkru af húsdýraáburðinum.

Auk þess sem getið hefir verið, var ekið 6 tonnum af húsdýraáburði til viðbótar því sem búið var að aka s. l. haust í sáðreitina.

Allur kostnaður við áburðarkaup, flutninge og dreifing áburðar varð kr. 17.442.89.

Greiddar voru kr. 50.00 fyrir tonn af húsdýraáburði. Er þá vitanlega miðað við að hann sé tekinn á staðnum og kaupandi sjái sjálfur um árokstur.

Lagfæringar í græðireitnum. Síðast liðin þrjú ár hefir verið unnið að stækkun græðireitsins. Það hefir þó orðið útundan, þar til í sumar, að jafna og þekja kanta og skurðbarma, aka burt úppreftri og fullgera vegi.

Lokið var að grafa skurði þá, sem fyrirhugaðir höfðu verið á Blómsturvöllum. Skurðurinn sem aðskilur reitina tvo á Blómsturvöllum, var þakinn, ennfremur suður kantur reitsins.

Við Kumblareit I var þakinn kantur reitsins að sunnan. Fullgerður var vegur norðan reitsins og þaktir kantur hans.

Austan við þennan reit var grafinn skurður og er honum ætlað að taka við leysingavatni, sem annars gæti flætt yfir reitinn.

2. Sáning í græðireitinn:

Tegund	Uppruni	Merki	kg	m2	Fræs. nr.
Birki ✓	Bæjarstaður	001- 100-55 ✓	2.00	64.0	189
Birki ✓	Vagfir	005- 200-56 ✓	7.00	231.0	190
Blágreini ✓	Sapinero, Col. B.	2003-3100-55 ✓	0.30	18.0	191
Brodd-og blágr ✓	Sapinero, Col. B.	2050-3100-55 ✓	0.50	24.0	192
Broddgreini ✓	Sapinero, Col. B.	2100-3100-55 ✓	0.25	12.0	193
Hvítgreini ✓	Fort St. James, C.	312-1000-56 ✓	0.10 ✓	3.0 ✓	563
Hvítgreini ✓	Makkovik, L.	314- -56 ✓	0.45 ✓	13.0 ✓	
Hvítgreini ✓	Port Hope Simpson, L	315- -56 ✓	0.50 ✓	18.0 ✓	
Hvítgreini ✓	Melville Lake, L.	316- -56 ✓	0.50 ✓	18.0 ✓	
Rauðgreini ✓	Snäsa, N.	3417- 100-51	1.00 ✓	42.0 ✓	228
Rauðgreini ✓	Vefsen Grane, N.	3410- 100-54	4.00 ✓	161.0 ✓	239
Rauðgreini ✓	Rana, Korgen, N. X		1.00 ✓	42.0 ✓	
Sitkagreini ✓	Seward, Kenai, A.	102- 100-56	1.00 ✓	36.0 ✓	194
Rússalerki ✓	Onega, v. 22. R.	3654- -56	1.50 ✓	60.0 ✓	240
Rússalerki ✓	Onega, v. 36. R.	3654- -56	1.00 ✓	36.0 ✓	241
Sembrafura ✓	Hakkavik	3301- -56	0.20 ✓	1.0	242
Skógarfura ✓	Troms hlíðar, N.	3005- 100-38	4.00 ✓	120.0	223
Stafafura ✓	Banff Alberta, C.	1005-1200-56	0.25	8.0	562
Fjallapöll ✓	Seward, Kenai, A.	602- 100-56	0.20	6.0	195
Balsampinur ✓	Port Hope Simpson, L	2751- -56	2.50	25.0	
Balsampinur ✓	Makkovik, L.	2752- -56	1.40	14.0	
Fjallapinur ✓	Sapinero, Col. B.	901-3000-55	1.50	30.0	196
Hvítþinur ✓	Sapinero, Col. B.	2400-3000-55	0.50	11.0	561
			31.65	993.0	

A - Alaska. B.- Bandaríkin. C - Canada. L - Labrador. N - Noregur.
R - Ráðstjórnarríkin.

Fræsáning hófst 3. júní og var lokið 19. sama mán. Yfirleitt spíraði fræið vel, nema birki, Vagfir, Hvítgreini, Makkovik og Melville Lake, Rauðgreini, Snäsa og balsampinur, Makkovik.

Rótarbruna varð lítið vart, enda var þess gætt að skuggi og vökvun yrðu ekki um of.

Kostnaður við sáningu varð kr. 10.071.51 eða kr. 10.15 á m2. Er hækkun frá s. 1. ári, sem nemur kr. 2.17 á m2.

3. Dreifsetning.

Dreifsetning hófst 20. maí og var að mestu lokið 14. júní. Dreifsettar voru alls 383.867 barr- og laufplöntur, auk þess 5.900 græðlingar, alls 389.767 plöntur.

Allar þessar plöntur voru dreifsettar í ákvæðisvinnu, að undanteknum 47.600 plöntum af sitkabastarði, sem dreifsettar voru 18. júlí - 8. ágúst.

Kostnaður við dreifsetninguna varð kr. 24.699.98 eða 6.3 aurar á plöntu.

Plöntur frá Tumastöðum: Snögáfur 3/5 - Salten 30.000 *

Dreifsetning á Vöglum 1957.

✓ Birki	2/0	✓ 10.667	stk. ✓	(Bæjarstaður.)
✓ Reynir	3/0	✓ 1.620	-	(Hallormsst.)
✓ Broddgreni	4/0 <i>La Rall</i>	✓ 8.800	- ✓	(Sapinero, Col.)
✓ Rauðgreni	3/0	✓ 90.700	- ✓	(Rana.)
✓ Rauðgreni	3/2	✓ 1.180	- ✓	(Snäsa.)
✓ Sitkabastarður	2/0	✓ 47.600	- ✓	(Lawing.)
✓ Lerki	2/0	✓ 38.330	- ✓	(Askis.)
✓ Lerki	2/0	9.420	- ✓	(Úralfjöll.)
✓ Grágura	2/0	8.463	- ✓	(Sapinero, Col.)
✓ Skógarfura	3/0	27.906	- ✓	(Dalir.)
Skógarfura	3/2 ↓	6.200	- ✓	(Dalir.)
Skógarfura	2/0 3/0	18.530	- ✓	(S.- Salten.) *
Skógarfura	3/0	7.363	- ✓	(S.- Salten.)
Skógarfura	2/0	26.664	- ✓	(Troms strönd.)
Skógarfura	2/0 3/0	16.250	- ✓	(Troms hliðar.) *
Skógarfura	3/0 2/0	13.774	- ✓	(Sjomen.)
Skógarfura	2/2 0	6.200	- ✓	(Sjomen.)
Stafafura	3/0	38.620	- ✓	(Skagway.)
Stafafura	2/0	3.720	- ✓	(Sapinero, Col.)
✓ Hvítþinur	2/0	1.860	- ✓	(Sapinero, Col.)
		<u>383.867</u>	stk.	

Græðlingar:

Gulviðir	4.900	stk.
Þingviðir	1.000	-
	<u>5.900.</u>	stk.

Samtals 389.767 stk.

Dreifsetningin varð allmiklu minni en gert hafði verið ráð fyrir. Var það fyrst og fremst vegna toppkals á Brodd- og blá-greni og sátkagreni. Var því ekkert dreifsett af þessum (tveim) tegundum. Aftur á móti skal þess getið að sitkabastarður, Lawing, stóð miklu betur og voru dreifsettar 47.600 plöntur af honum, eins og áður er getið, í júlí og ágúst. Virtist það takast mjög vel.

Dreifsettar voru 34.700 skógarfurur frá Tumastöðum og um 19900 plöntur frá Hallormsstað, aðallega birki og broddgreni.

Plöntur til dreifsetningar á Vöglum 1958.

Birki	3/0	25.000	stk.	(Bæjarstaður.)
Birki	3/0	20.000	-	(Vagfir.)
Brodd- og Blágr.	2/0	220.000	-	(Sapinero, Col.)
Brodd- og Blágr.	3/0	25.000	-	(Sapinero, Col.)
Rauðgreni	3/0	85.000	-	(N.- Helgeland.) ✓
Rauðgreni	2/0	70.000	-	(N.- Helgeland.) ✓

Flyt: 445.000 stk.

Handwritten notes:
 Hjúpur af þessum dreifsetningu...
 5620 stk 3/0

		Flytt:	445.000 stk.	
Sitkabastarður	3/0		37.500 -	(Lawing.)
Sitkagreni	2/0		65.000 -	(Cordova.)
Sitkagreni	3/0		10.000 -	(Cordova.)
Lerki	2/0		2.500 -	(Yarensk, Arkangelsk.)
Lerki	2/0		20.000 -	(Amaga Yakustk.)
Skógarfura	3/0		40.000 -	(Troms strönd.)
Stafafura	3/0		2.000 -	(Skagway.)
Balsampinur	2/0		4.500 -	(Bonna Bay.)
Balsampinur	2/0		4.500 -	(Salmonier, Newfoundl.)
Balsampinur	2/0		4.500 -	(Valcartier, Quibeck.)
Fjallapinur	2/0		27.500 -	(Sapinero, Col.)
Hvítþinur	2/0		4.500 -	(Sapinero, Col.)
Græðlingar			<u>7.500 -</u>	

Samtals 675.000 stk.

Um dreifsetningu er það helzt að segja, að brodd- og blágreni og sitkagreni, gæti orðið talsvert meira, ef ekki verða nein afföll að ráði. Þar sem þessar tvær tegundir eru sérstaklega effiðar í uppeldi er helzt að búast við afföllum á þeim.

Annars hefir verið reynt að áætla dreifsetninguna sem nákvæmast og þá ekki of djarft.

4. Seldar og afhentar plöntur.

Birki	2/2		17.655 stk.	(Bæjarstaður.) ✓
Birki	3/0		1.675 -	(Bæjarstaður.) ✓
Gulvíðir	0/2		316 --	(Vagfir.)
Hvítgreni	3/3		300 -	(Mac Grath.) ✓
Sitkagreni	3/3		150 -	(Seward.) ✓
Rauðgreni	3/3 2/3 2 x)		14.200 -	(Snæsa.) ✓
Skógarfura	3/0		38.900 -	(Dalir og S.-Salten.) ✓
Skógarfura xx)	2/2 1/2		<u>78.665 -</u>	(Dalir og Sjømen.) ✓
		<u>Samtals</u>	<u>152.351 stk.</u>	

Eins og sjá má hér voru afhentar 152.351 plöntur úr græðreitnum. Er þetta rúmunum 6000 plöntum fleira en áætlað hafði verið, aðallega vegna þess að rauðgrenið reyndist vantalið um rúml. 4000 plöntur.

Kostnaður við plöntusölu varð kr. 16.404.95. Í þeirri upphæð er tekin með upptaka plantna í haust kr. 4.176.69. Ef miðað er við upptöku plantna frá haustinu áður verður á plöntu 9.6 aurar.

Seldar voru plöntur fyrir kr. 67.414.21 og eru þá meðtaldar aðfengnar plöntur.

x) Dreifing 1957 Rauðgrænir (Snæsa) 2/0 44.090

xx) Skógarfura
 2/0 49.217 → } 2/2 25.000
 3/0 77.520 → } 3/2 53.468

39 900
 76 600
 2 100

Plöntur til sölu og afhendingar vorið 1958.

Birki	2/2	Bæjarstaður	20.000	
Birki	3/0	Bæjarstaður	15.000	
Birki	3/0	Vaglir	<u>15.000</u>	50.000
Reynir	2/3	Skriðustofn		2.000
Gulvíðir	0/2	Vaglir		1.000
Þingvíðir	0/2	Hallormsstaður		500
Blágreini	3/4	Colorado		1.500
Hvítgreini	2/3	Granite Creek	9.500	
Hvítgreini	3/3	Mac Grath	4.700	
Hvítgreini	2/3	Petters Creek	174	
Hvítgreini	3/3	Jarvíð Creek	50	
Hvítgreini	2/4	Yukon Island	128	
Hvítgreini	3/4	Daves Creek	235	
Hvítgreini	2/4	Tok Junkton Hwy.	299	
Hvítgreini	3/4	Goat Creek	<u>700</u>	15.836
Sitkagreini	2/3	Seward		11.000
Rauðgreini	2/3	Drevja Vøfsen,	26.200	
Rauðgreini	3/3	Snáasa,	<u>2.300</u>	28.500
Lerki	2/2	Altai, Chebal.		14.000
Skógarfura	3/0	Troms Strönd	45.000	
Skógarfura	2/2-3/2	Dalir	37.200	
Skógarfura	2/2-3/2	Sjomen	<u>22.500</u>	104.700
Stafafura	3/0	Skagway		<u>1.000</u>
		Samtals		<u>230.036</u>

V. Gróðursetning.

Gróðursetning hófst 20. maí og var lokið 4. júní, nema síðsumargróðursetning sem fór fram í síðari hluta ágúst. Gróðursett var sem hér segir:

	<u>Tegund</u>	<u>Aldur</u>	<u>Uppruni</u>	<u>Reitur</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskógur	Skógarfura	2/2	Dalir	313	900
Vaglaskógur	Skógarfura	2/2	Dalir	314	4.100
Vaglaskógur	Rauðgreini	2/3	Snáasa	320	1.770
Vaglaskógur	Rauðgreini	2/2	Snáasa	321	700
Þórðarstaðask.	Skógarfura	2/2	Dalir		5.000
Sandhaugar	Skógarfura	3/0	Dalir		2.300
				Samtals	<u>14.770</u>

Haldið var áfram síðsumar gróðursetningu á rauðgreini, þar sem tilraunin á s. 1. ári tókst mjög vel. Vanhöld munu hafa verið innan við 5%. Nú voru gróðursettar 700 rauðgreiniplöntur í reit 321 dagana 20.- 24. ágúst.

Allar voru plönturnar gróðursettar að lóðréttum vegg, nema rauðgrenið, sem gróðursett var með flatrótar aðferðinni.

Kostnaður við gróðursetninguna varð kr. 12.035.20 eða 82 aurar á plöntu. Er það þremur aurum hærra en á s. l. ári.

Gróðursetning Skógræktarfélags Suður-Þingeyinga í skóglendi Skógræktar ríkisins, var sem hér segir:

	<u>Tegund</u>	<u>Aldur</u>	<u>Uppruni</u>	<u>Staður.</u>	<u>Plöntufjöldi</u>
Sandhaugar	Skógarfura	3/0	Dalir		5.000
Sigríðarst.sk.	Skógarfura	3/0	Dalir	ofan Kofaflatar	1.500
Sigríðarst.sk.	Skógarfura	2/2	Dalir	" "	3.500
Sigríðarst.sk.	Rauðgreni	2/3	Snäsa	utan "	900
Lautaskógur	Rauðgreni	2/3	Snäsa	utan Þorleifsgils	<u>2.000</u>
				<u>Samtals</u>	<u>12.900</u>

Rauðgrenið í Sigríðarstaðaskógi var gróðursett 21. ágúst en 23. s. m. í Lautaskógi (Lundsskógi).

VI. Byggingar og viðhald fasteigna.

Engar nýjar byggingar voru reistar. Matskálinn á Furuvöllum málaður. Skilrúm voru tekin úr sex herbergjum í Brúarlundi og settir upp þrjú viðarofnar til viðbótar.

Í Vöglum voru máluð stofa, gangur, bað og þrjú herbergi uppi. Sett var þar einnig ný útihurð og dyrakarmar.

Í fjárhúsum var þiljuð af geymsla fyrir bíl og dráttarvél.

VII. Vegagerð.

Í Vaglaskógi var ekki unnið að vegagerð, nema fyrir það fé úr Fjallvegasjóði til vegarins suður að Lundi.

Voru borin nokkur bálhlöss í verstu kaflana frá Stórarjóðri suður skóginum.

Það er brýn nauðsyn að fé fáiast til ofaniburðar, þarv sem umferð um vegina í skóginum er geysim mikil og þá sérstaklega af ferðafólki. Mundi notast betur ef dálítil fjárupphæð fengist í einu, heldur en smáupphæðir árlega.

Ruddur var alllangur vegur norður Fljótsheiði, niður í Foss-sel og suður skóginum. Hríðarveður skall á, áður en verkinu yrði fullkomlega lokið og þyrfti að fara með ýtu og jafna veginn betur. Kostnaður varð kr. 3.450.00 við ruðninginn, vinnulaun kr. 746.96.

VIII. Ferðir og leiðbeiningar.

Sat fund með skógræktarstj. og skógarvörðum 25. - 28. febrúar og aðalfund Skógræktarfélags Íslands að Kirkjubæjar-klaustri,

Í júní leiðbeindi ég um gróðursetningu við Húsavík, Grenivík og í Reykjahverfi.

Nokkrar ferðir fór ég í Fellsskóg vegna fyrirhugaðrar girðingar þar.

Ennfremur sá ég um gróðursetningu fyrir Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga í skógiendi Skógræktar ríkisins.

Auk þessa venjulegar ferðir vegna eftirlits og viðskifta.

IX. Ýmisllegt.

Óvenju mikill ferðamannastraumur var hingað á sumrinu bæði af innlendum og erlendum ferðamönnum.

Umgengni um skóginn og þá sérstaklega tjaldstaðin, er því miður ærið misjöfn og raunverulega þyrfti að ætla sérstaka fjárhæð árlega til hreinsa og laga til.

Af erlendum og innlendum gestum sem fylgt var um skóginn má nefna:

1/7 Birger Steenstrup og frú í fylgd með Einari Sæmundsen,

10/7 Kvenfélag Borgarness, Geirlaug Jónsd. fararstj.

12/8 Bertil Lindquist professor í fylgd með skógræktarsjóra,

18/8 Forsetar Finnlands og Íslands,

2/9 Olav Kjærgaard, skógræðingur frá Danmörku,

26/9 Ivar Orkland, sendikennari og frú, ásamt Oskar Bandle, prof.

12/12 Ernest Hovmöller, veðurfræðingur frá Stokkhólmi.

Sá síðast nefndi, sem kom hér á vegum veðurstofunnar, taldi að mjög væri fróðlegt hér yrðu gerðar veðurathuganir og þá bæði hér uppi á Vöglum og niðri í skóginum. Sérstaklega gat hann þess einnig að æskilegt væri mælt yfir rakastig loftsins.

Í þessu sambandi mætti þá geta þess að veðurstofustjóri hefir heitið því, að í vor eða sumar verði settir hér upp veðurathugana mælur.

Sérstaklega vil ég geta heimsóknar starfsfólksins á Hallormsstað, sem kom hér í júní og þá um leið þakka móttökurnar, sem starfsfólkið hér fékk á Hallormsstað, þegar það fór austur í ágúst.

Af tekjum, sem ekki hefir verið getið um hér að framan, skal nefna landlaigu kr. 2.967.92 og húsleigu fyrir Brúarlund kr. 10.935.55. Þar var leyft að halda þrjá dansleiki s. l. sumar.

Í flestum liðum fjárhagsáætlunarinnar hefir tekist að halda sig neðan við hið áætlaða. Stofnkostnaður í gróðrarstöð hefir þó farið nokkuð fram úr áætlun, en reksturskostnaður er hins vegar talsvert lægri en áætlunin.

Í heild mun því hafa tekist að halda hina gerðu áætlun.

Vöglum 7. janúar 1958.

